

Fulltrúaráðsfundur HRFÍ 10. apríl 2013.

- Formaður HRFÍ setti fundinn og tók af dagskrá fjárhagsáætlun þar sem málið var ekki klárt. Hún boðaði jafnframt að annar fulltrúaráðsfundur verði haldinn fyrri hluta maí, fyrir aðalfund félagsins, þar sem fjárhagsáætlun yrði til umfjöllunar.
- Hún kynnti nýjan framkvæmdastjóra Fríður Esther Pétursdóttur.
- Guðmundur kynnti síðan stefnumótunarvinnu sem hafði hafist 2011, það var ljóst að þrátt fyrir að hann væri nú að koma að verkefninu hafði hann sett sig vel inní verkið og var með flotta samantekt sem fólk var almennt mjög hrifið af. Eins var gaman að heyra úr sal og hjá stjórnarmönnum jákvæðni úti þessa vinnu og tel ég að Guðmundur eigi talsverðan þátt í því með þessari vinnu sinni og framsögu. Ákveðið var að efna til framhaldsfundar sunnudaginn 21. apríl n.k. þar sem nánar verður unnið úr þessum mikla efniviði síðan á stefnumótarfundinum 2011.
- Fríður fór síðan yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi skrifstofu,
 - opnunartíma frá 10-15 alla virka daga, almenn ánægja með þessa breytingu.
 - Reykjavíkurtítil á sumarsýningu fyrir bestu hunda af hverri tegund,
 - Samþykkt stjórnar á gjaldskrá skrifstofu í kringum deildarsýningar og vinnupróf, þetta verður betur kynnt fyrir félagsmönnum.
 - Sýning 670 á hund og fast gjald 21.090,-
 - Veiðipróf 485 á hund og fast gjald 4.500
 - Vinnupróf 600 á hund og fast gjald 4.500
 - Deild getur valið hvort hún fer þessa leið eða verður áfram með sama hátt á og HRFÍ tekur þá áhættuna, (tap eða hagnað)
 - Hún kynnti líka aðalfund 29. maí og las upp nöfn þeirra sem eru í framboði
 - Næsta sýning verður annað hvort í Klettagörðum eða út á Fiskislóð þar sem hentugt húsnæði er líka í boði. Það er almenn ánægja með að hafa sýningar í þessum iðnaðarhúsum.
- Önnur mál
 - Auður Valgeirs spurði hvort deildir krefðust sýningarárangurs til að geta mælt með ræktunardýrum. Það kom í ljós að þarna var mismunur á og við kynntum okkar stöðu.
 - Heiðar spurði hvort það væri hægt að breyta meistarskírteinum á þann veg að fá tegund á skírteini sem ætti við hundinn, það kom fram við þessa umræðu að almennt voru fundargestir á þessari skoðun og jafnvel að fá mynd af sínum hundi. Formaður var þó á því að þetta væri í takt við önnur lönd að hafa þjóðarhundinn á svona skírteinum. Ólafur Jóhannsson ætlar að taka þetta upp á stjórnarfundum og við sjáum hvað setur.

Þetta var mjög jákvæður og góður fundur að mínu mati. Það var ánægjulegt að finna jákvæðni fundargesta á fundarefnum og jafnframt umræður um málefni. Mér fannst ég geta merkt annan anda en á fyrri samkomum sem ég hef farið á. Ekki veit ég af hverju þessi breyting er, gæti verið nýtt fólk á skrifstofu og í stjórn hafi komið með ferska vinda. Mikið og gott starf ætti líka að ýta undir velvilja og samstarfsvilja fólks.

Kveðja,

Heiðar